

Aðalfundur Samtaka náttúrustofa (SNS).

Haldinn 7. október 2009 í Sandgerði, kl 14:45.

Róbert fráfarandi formaður setti fundinn.

Fundarstjóri Þorkell Lindberg. Ingvar Atli Sigurðsson ritari.

Dagskrá.

- 1) Skýrsla stjórnar
- 2) Afgreiðsla reikninga
- 3) Lagabreytingar
- 4) Skipun stjórnar
- 5) Skipun vinnuhópa
- 6) Kosning skoðunarmanna reikninga
- 7) Ákvörðun um árgjald og/eða önnur framlög.
- 8) Önnur mál.

- 1) Róbert kynnti skýrslu stjórnar (fá skýrslu).
- 2) Þorleifur lagði fram reikninga SNS og fór í gegnum rekstrargjöld lið fyrir lið. Sjá meðfylgjandi. Lögfræðiálit vegna skilgreiningar á föstu framlagi ríkisins og úttekt á starfsemi Náttúrustofa voru stæstu rekstrarliðir. 15.000 krónur standa útaf og þegar þær hafa fundist verða reikningarnir sendir til skoðunarmanna. Reikningar samþykktir með fyrirvara með öllum greiddum atkvæðum.
- 3) Lagabreytingar. Farið í gegnum lögum og gerðar tillögur um uppfærslu og smávægilegar breytingar. Talsverðar umræður um tillögurnar og atkvæði greidd um breytingartillögur. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.
- 4) Jón Ágúst, Róbert og Þorleifur skipaðir í stjórn. Jón Ágúst verður formaður.
- 5) Þorsteinn kynnti óformlegar viðræður sem hann átti við Jón Gunnar Ottóson forstjóra Náttúrufræðistofnunar Íslands um samstarfsnefnd SNS og NÍ. Þorleifur kynnti störf nefndar um samstarf SNS og Umhverfisstofnunar. Gerður samstarfssamningur við Ust., Hjalti sviðstjóri Náttúruverndarsviðs Ust hefur verið jákvæður varðandi frekara samstarf. Þorkell Lindberg kynnti störf samstarfsnefndar SNS og fræðasetra Háskóla Íslands, starfsemi var litið á

árinu. Rætt um setu forstöðumanna Náttúrustofa í stjórn Fræðasetra HÍ. Lagt til að sömu vinnuhópar starfi áfram. Samþykkt. Með öllum greiddum atkvæðum.

- 6) Líneik Anna Sævarsdóttir og Svanhildur Guðmundsdóttir kosin skoðunarmenn reikninga.
- 7) Árgjöld þau sömu áfram, kr. 50.000 á hverja stofu.
- 8) Önnur mál. Ályktun um að verkefnaframlögin fari inn í föstu framlögin. Fá ályktun frá Róbert. Samþykkt að fela stjórn að skipa vinnuhóp um sameiginlega ársskýrslu allra náttúrustofanna. Náttúrustofurnar samþykkja að hefja mófuglavöktun sumarið 2010 að tillögu nefndar um mófuglavöktun.

Fundi slitið 15:58.